



AKUREYRARBÆR

## Almennar og sérstakar þagnar- og trúnaðarskyldur ritara og starfsmanna nefnda/ráða hjá Akureyrarbæ

Í starfi mínu virði ég almennar þagnarskyldur samkvæmt 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þar sem segir að starfsmenn sveitarfélaga og aðrir sem sveitarfélög ráða til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Í starfi mínu sem ritari/starfsmaður nefndar/ráðs ber ég einnig sérstakar þagnar- og trúnaðarskyldur og gæti hlutleysis í skoðunum mínum.

Á lokuðum fundum nefnda/ráða og að þeim afloknum er mér óheimilt að tjá mig um umræður sem fram fara á fundi nefndar/ráðs eða afstöðu einstakra nefndarmanna til málefna sem eru til afgreiðslu.

Mér er einnig óheimilt að tjá mig um einstakar upplýsingar og gögn sem lögð eru fram á fundinum, hvort sem skjöl teljast til trúnaðargagna, vinnugagna skv. 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 eða ekki.

Ég lýsi því jafnframt yfir að ég hef kynnt mér og virði reglur og samþykktir bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, þ.m.t. siðareglur.

Akureyri, \_\_\_\_\_

Nafn \_\_\_\_\_

Starfsheiti \_\_\_\_\_

Ritari/starfsmaður nefndar/ráðs \_\_\_\_\_

Vottar

\_\_\_\_\_